



Herbergjanýting á höfuðborgarsvæðinu ekki verri síðan 2011




Herbergjanýting á hótélum á höfuðborgarsvæðinu í apríl nam 65,7% og hefur hún ekki mælst minni í apríl síðan 2011. Til samanburðar var nýtingin 79,7% á síðasta ári. Það sem af er ári hefur herbergjanýtingin verið verri en á sömu tímamarkum í fyrra. Raunar þarf að fara aftur til árunna 2015 og 2016 til að finna verri herbergjanýtingu en á fyrstu þremur mánuðum ársins. Fyrir janúarmánuð þarf að fara aftur til ársins 2016 til að finna verri nýtingu en aftur til ársins 2015 til að finna verri nýtingu fyrir febrúar og mars. Að fara þurfi allt aftur til ársins 2011 til að finna verri nýtingu eru því nokkur tíðindi.

Alls staðar verri nýting en í apríl fyrir ári síðan

Sé litið til annarra landsvæða var nýtingin nú í apríl verri en verið hefur á allra síðustu árum. Ekki þarf þó að fara nándar jafn langt aftur eins og í tilfalli höfuðborgarsvæðisins. Þar sem fara þurfti skemmst aftur voru Suðurnes en þar var nýtingin einungis betri á síðasta ári. Fara þurfti aftur til ársins 2016 til að finna verri nýtingu á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Á Norðurlandi og Austurlandi þarf að fara aftur til ársins 2015 til að finna verri nýtingu. Þrátt fyrir að nýtingin í apríl hafi minnkað verulega frá því í fyrra á höfuðborgarsvæðinu var nýtingin nú í apríl samt sem áður sú hæsta á landinu. Næsthæsta nýtingin var á Suðurnesjum, 57,8%, en þar á eftir á Suðurlandi, eða 46,2%. Nýtingin var verst á Austurlandi, eða 22%.

Herbergjanýting á höfuðborgarsvæðinu hefur dalað frá síðasta ári

Eftir að hafa stigið nokkuð verulega í uppsveiflunni í ferðapjónustu hefur herbergjanýtingin verið að gefa eftir hér á landi. Á 12 mánaða hlaupandi meðaltali varð nýtingin hæst 87,6% á höfuðborgarsvæðinu í apríl á síðasta ári. Síðan þá hefur nýtingin stöðugt leitað niður á við. Ýmsar ástæður eru fyrir þeirri þróun. Þar má telja ýmsa samverkandi þætti; fjölgun herbergja, fækkun gistinátta, styttri dvalartíma






erlendra ferðamanna og harðnandi samkeppni frá Airbnb.

Herbergjum fjölgar en gistinóttum fækkar

Töluverð hótéluppbygging hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu á síðustu misserum. Drifkrafturinn hefur verið mikil fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi sem hefur leitt til herbergjanýtingar sem margar aðrar borgir hafa mátt öfunda okkur af. Fjölgun hótélherbergja á 12 mánaða grundvelli varð mest í febrúar árið 2016 þegar hún nam tæpum 27%. Síðan þá hefur dregið úr hraða fjölgunarinnar og nam fjölgunin 9,4% nú í apríl. Á sama tíma fækkaði gistinóttum á hótélum um 3,8% og er þarna því komin einföld skýring á samdrætti í nýtingu milli ára. Bæði gistinóttum erlendra og innlendra ferðamanna fækkaði milli ára. Fækkunin nam 3,7% hjá erlendum ferðamönnum en 4,8% hjá innlendum ferðamönnum. Aprílmánuður var fimmti mánuðurinn í röð þar sem gistinóttum innlendra ferðamanna fækkaði á 12 mánaða grundvelli. Helsta ástæðan fyrir því er að utanlandsferðir Íslendinga hafa aukist verulega. Íslendingar hafa því að einhverju leyti fært frín sín meira út fyrir landsteinana.



Fjölgun á 12 mán. grundvelli
Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.